

Staðgreiðsla skatta

af greiðslum og þóknunum til erlendra aðila fyrir þjónustu, aðra starfsemi, réttindi o.fl.

Eyðublað RSK 5.41 Takmörkuð skattskylda - skilagrein staðgreiðslu

Ríkisskattstjóri hefur útbúið nýtt eyðublað, RSK 5.41, sem nota á við staðgreiðslu á sköttum vegna takmarkaðrar skattskyldu samkvæmt 3. og 6. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Takmörkuð skattskylda samkvæmt 3. og 6. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt

Takmarkaða skattskylda bera þeir sem ekki eiga heimilisfesti á Íslandi en hafa tekjur af þjónustu eða starfsemi sem innt er af hendi hér á landi eða hafa hér tekjur af leigu, afnotum eða rétti til hagnýtingar á lausafé, einkaleyfum, hvers konar réttindum eða sérþekkingu eða hafa hagnað af sölu slíkra eigna eða réttinda.

Greiðsluskyldir aðilar - uppgjörstímabil - gjalddagi og eindagi

Hverjum þeim, sem greiðir erlendum aðilum fyrir aðkeypta þjónustu, starfsemi eða réttindi sbr. ofangreint, ber ótillkvöddum að halda eftir staðgreiðslu tekjuskatts og eftir atvikum útsvars af greiðslunum og skila innheimtumanni ríkissjóðs, þ.e. tollstjóra í Reykjavík eða sýslumanni í viðkomandi umdæmi. Skilagrein staðgreiðslu á eyðublaði RSK 5.41 ber að fylla út og skila vegna allra slíkra greiðslna án tillits til þess hvort þær kunni að vera undanþegnar skattlagningu hér á landi samkvæmt tvísköttunarsamningi. Greiðandi (kaupandi) ber ábyrgð á staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars af slíkum greiðslum. Uppgjörstímabil er almanaksmánuður og gjalddagi vegna liðins mánaðar 1. næsta mánaðar en eindagi 14 dögum síðar.

Virðisaukaskattskylda

Sé umrædd þjónusta eða starfsemi jafnframt virðisaukaskattsskyld ber greiðandi ábyrgð á greiðslu virðisaukaskatts og skal skila innheimtumanni ríkisins skýrslu um virðisaukaskattsskyld kaup á þjónustu frá útlöndum á eyðublaði RSK 10.24 ásamt greiðslu virðisaukaskatts.

Skattaleg ívilnun samkvæmt tvísköttunarsamningi

Sá, sem sætt hefur staðgreiðslu sbr. framangreint, kann að eiga rétt á skattalegri ívilnun á grundvelli tvísköttunarsamnings. Til að gera þann rétt gildandi þarf hann að sanna gagnvart íslenskum skattfyrvaldum með staðfestingu eða vottorði frá skattfyrvaldi í ríki, sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við, að hann beri þar fulla og ótakmarkaða skattskyldu og sé þar með heimilisfastur í því ríki í skilningi viðkomandi samnings. Í vottorðinu eða staðfestingunni komi fram nafn og heimilisfang hins erlenda aðila svo og skattkennitala (Tax Identification Number, TIN), eða, liggi hún ekki fyrir, annað auðkennisnúmer (Identification Number eða Social Security Number), sem honum hefur verið gefið samkvæmt lögum og reglum þess lands þar sem hann er heimilisfastur.

Aðili, sem telur sig eiga rétt á ívilnun samkvæmt tvísköttunarsamningi, getur óskað eftir því við embætti ríkisskattstjóra að verða undanþeginn afdrætti staðgreiðsluskatta af umræddum greiðslum að hluta eða öllu leyti í samræmi við ákvæði viðkomandi tvísköttunarsamnings. Skal hann í þeim tilgangi senda embætti ríkisskattstjóra skriflegt erindi og láta ofangreinda staðfestingu eða vottorð hins erlenda skattfyrvalds fylgja.

Skilafrestur á greiðslufirliti RSK 2.025 yfir greiðslur og þóknanir á árinu 2003 til erlendra aðila

Að lokum er athygli vakin á því að skilafrestur á greiðslufirliti, eyðublað RSK 2.025, yfir hvers konar greiðslur á árinu 2003, skattframtal 2004, til aðila sem bera takmarkaða skattskyldu skv. 3. og 6. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, var til 26. janúar, sbr. auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 1/2004. Greiðslufirlitum ber greiðanda að skila til skattstjóra þar sem viðkomandi á lögheimili. Þeir sem skila gögnum á rafrænu formi hafa frest til 6. febrúar 2004.

Á upplýsingavef ríkisskattstjóra www.rsk.is má finna upplýsingar um takmarkaða skattskyldu en ríkisskattstjóri veitir nánari upplýsingar sé þess óskað. Á vefsíðu ríkisskattstjóra má jafnframt fylla út og prenta nefnd eyðublöð. Eintök af eyðublaðinu RSK 5.41 liggja einnig frammi í afgreiðslu hjá skattstjórum og innheimtumönnum ríkissjóðs.